

1858.

1858.

23. janúar.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um kennslu í dýralæknisfræði fyrir einn úngling úr hverju umdæmi á Íslandi¹.

Samkvæmt bréfi herra stiptamtmannsins 19. febrúar 1856 og álitsskjali landlæknis Dr. Hjaltalíns, sem því fylgði, ritaði dómsmálastjórnin bréf til ráðherrans fyrir innanríkisráðgjafunum viðvíkjandi því, með hverjum kosti 3 úngir Íslendingar gæti komið til kennslu á dýralækningskólann í Kaupmannahöfn. Ráðherrann svaraði þessu á þá leið, að únglingar þessir að vísu gæti fengið kennslu í skólanum kauplaust, en þó ekki uppheldi þar, og mundi fæði og húsnæði handa hverjum þeirra á ári hertumbil kosta 350 rd. Þessu næst ritaði dómsmálastjórnin amtmanninum í vestur-umdæminu og amtmanninum í norður- og austur-umdæminu, og beiddi þá að segja álit sitt um þetta mál yfirhöfuð, og að hve miklu leyti jafnaðarsjóðir umdæmanna mundi vera færir um að bera kostnað þann, sem risi af því að láta kenna einum Íslendingi úr hverju umdæmi dýralækningar.

Báðir þessir embættismenn hafa nú að vísu viðurkennt, hversu gagnlegt og nauðsynlegt það sé, að dýralækningafræði væri kennd úngum Íslendingum, svo þeir gæti bæði sjálfir fengið við dýralækningar og einnig kennt þær öðrum frá sér, en amtmaðurinn í vesturumdæminu hefir þarhjá lýst því yfir, að jafnaðarsjóðurinn í því umdæmi geti ekki nú sem stendur risið undir þeim kostnaði, sem þetta hefði í för með sér. Menn verða einnig að jata, að nú er ekki sem hentugastur tími til þess að koma þessu á, þaræð jafnaðarsjóðirnir á Íslandi nú sem stendur ekki eiga alltilit auka-útgjöld fyrir hendi, einkum vegna fjárkláðans.

¹) Sama dag ritaði stjórnarráðið amtmönnunum í hinum umdæmunum á Íslandi bréf líks innihalds.

Allt fyrir þetta álitur dómsmálastjórnin, að ekki ætti að sleppa allri von um, að sjá þessari fyrirætlun framgengt, þegar 1858. 23. janúar. kríngumstæðurnar leyfa það, og eg verð því að biðja herra stiptamtmanninn, þegar jafnaðarsjóður suður-umdæmisins getur risið undir kostnaði þeim, sem af því leiðir, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ungur og vel gáfaður Íslendingur, með kostum þeim sem bréf innanríkisstjórnarinnar tekur til, verði látinn sigla hingað, til þess að nema dýralækningafræði, og skal hann skyldur, þegar hann hefir numið þessa fræði, að taka sér bústað og fást við dýralækningar í suður-umdæminu.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um kostnað í málum um rétti- indi umboðsjarða. 23. janúar.

Það herra amtmaðurinn hefir verið í vafa um, að hve miklu leyti greiða skuli kostnað þann úr umboðssjóðunum, sem rís af málum þeim, er höfðuð eru um réttindi umboðsjarða, hafi þér í þóknanlegu bréfi 27. janúar f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar á þessum atriðum:

a) við sættaumleitun:

- 1) að hve miklu leyti megi greiða vanalega borgun til sættarnefndamanna og stefnuvotta, og endurgjald fyrir ferðalag hinna síðastnefndu;
- 2) að hve miklu leyti umboðshaldarar geti heimt ferðakostnað og fæðispeninga, þegar þeir takast ferð á hendur til sættarfundarins;

b) fyrir rétti:

- 3) hvort dómaramanum hvorki megi gjalda borgun fyrir réttarhald né skriptir, eða máske einungis fyrir hið síðarnefnda;
- 4) um upphæð á fæðispeningum dómara;
- 5) hvort umboðshaldari geti fengið bæði ferðakostnað og fæð-